

INNLL1IL05

Búið til: Wed, 02 May 2012 10:59:36 GMT

Titill

Inngangur að listum

Skammstöfun

INNLL1IL05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

inngangur að listum

Viðfangsefni

inngangur að listum

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Inngangur að listum með megináherslu á myndlist, tónlist og listljósmyndun þar sem nemendur skoða eigin reynslu af listgreinunum og auka þekkingu sína á því hvað þær ganga út á. Skoðaðir verða listamenn þessara listgreina og nemendur spreyta sig á sköpun eftir því sem við á. Áfanginn miðar einnig að því að opna fyrir sköpunarkraft nemenda og gera þá óhrædda við að prófa, framkvæma og þróa hugmyndir sínar án þess að hræðast útkomuna. Áhersla er lögð á að nemendur auki orðaforða sinn á sviði menningar og lista og geti tjáð skoðanir sínar og rökstutt.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnþáttum listgreina
- orðaforða til að geta tjáð sig um list, listamenn og listviðburði
- sjálfstæðum vinnubrögðum og hugsun út frá hugmynd (konsept)
- vinnuumhverfi, vinnutækjum og áhöldum viðkomandi listgreinar
- hugmynd (konsept) eða tilgangi listaverka
- að setja listir í menningarlegt og sögulegt
- mismunandi nálgun listamanna við listsköpun
- að miðla listsköpun með því að tjá sig um hana og sýna
- að þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- að meta eigið vinnuframlag

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skapandi hugsun
- að skoða listaverk, hlusta á tónverk og fjalla um megininntak þeirra á skapandi hátt
- að efla skilning sinn á listrænni vinnu, að upplifa, skynja og túlka það sem hann sér, upplifir.
- að taka þátt í samræðum um listgreinarnar, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra
- beita mismunandi miðlunarleiðum í listsköpun sinni

- að skoða ólíkar hugmyndir listamanna bak við listaverk og ræða um þær á skapandi hátt
- að skoða hvar list er í umhverfinu og fjalla um það
- að leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- að skiptast á skoðunum og setja fram hugmyndir sínar og bregðast við viðmælendum.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera skapandi í hugsun ...sem er metið með... verklegum æfingum
- tjá skoðanir sínar og tilfinningar um list, listamenn og listviðburði ...sem er metið með... skriflegum verkefnum og umræðum
- horfa á myndlist, ljósmyndalist og hlusta á tónlist með opnum hug ...sem er metið með... skriflegum verkefnum og umræðum
- vera meðvitaður um menningarlegt hlutverk listsköpunar ...sem er metið með... skriflegum verkefnum og umræðum
- vera leitandi og sýni nokkurt sjálfstæði við það að fullvinna hugmyndir undir leiðsögn kennara ...sem er metið með... verklegum æfingum
- tjá sig um eigin verk við aðra viðmælendur með almennri ígrundun og samanburði ...sem er metið með... umræðum
- að skapa eigin verk byggt á eigin listrænum styrk undir leiðsögn kennara ...sem er metið með... verklegum æfingum og umræðum
- skilgreina eigin verk ...sem er metið með... umræðum, verklegum og skriflegum æfingum
- standa að sýningu/tónleikum þar sem nemandinn miðlar listrænum styrk sínum ...sem er metið með... umræðu og framkvæmd sýningar
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra ...sem er metið með... umræðu og verklegum æfingum
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum ...sem er metið með... umræðum
- meta eigið vinnuframlag ...sem er metið með... skriflegum verkefnum og umræðu

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina og lögð er áhersla á vinnusemi, sköpun og áræði. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd